

Byggðaráðið eingöngu skipað konum

DALIR: Í kosningum á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar á þriðjudag í liðinni viku var kosinn nýr oddviti sveitarstjórnar og byggðaráð, en í upphafi kjörtímabils var ákveðið að skipta embættum árlega. Nýtt byggðaráð verður eingöngu skipað konum í Dalabyggð út kjörtímabilið, eða til næsta vors. Í byggðaráð hlutu kosningu Ingveldur Guðmundsdóttir, Guðrún Jóhannsdóttir og Halla Steingólfsson. Jóhannes Haukur Hauksson var áður formaður byggðaráðs, en nýtt byggðaráð mun kjósa formann á fyrsta fundi. Jóhannes Haukur var kjörinn oddviti og tekur við því embætti af Eyþóri Jóni Gíslasyni sem þakkaði fyrir samstarfið þann tíma sem hann gegndi oddvitarstarfinu. Eyþór var hins vegar kosinn varaoddviti.

—þá

Ofurölvi stal bíl

AKRANES: Aðfaranótt sunnudags barst lögreglunni á Akranesi tilkynning um að bíl hafði verið stolið. Eigandi bílsins var að skemmta sér en fékk símtal frá föður sínum sem furðaði sig á því að hann hafði séð bílnum ekið frá heimili þeirra. Eigandinn hafði þegar samband við lögreglu sem hóf leit að bílnum. Fannst hann utan við bæinn og reyndist óskemmdur. Sáu lögreglumenn mann á gangi í átt að bænum. Sá reyndist ofurölvi og mundi ekki mikið eftir atburðum kvöldsins. Kannaðist þó við að hafa tekið bílinn og ekið honum. Var maðurinn færður til töku blóðsýnis og að því loknu látinn sofa úr sér mestu vímunu í fangaklefa. Reyndist hann ekki hæfur til skýrslutöku fyrr en vel var liðið á morguninn. Þá var brotist inn í nýttjarmarkaðinn Búkollu en engu stolið. Virðist sem þeir er þar voru að verki hafi komið sér fyrir einhverja stund og farið síðan.

—þá

Sóttu veikan mann að Glymi

HVALFJ: Björgunarsveit sótti um hádegisá laugar-daginn veikan mann sem hnigið hafði niður við fossinn Glym í Botnsdal í Hvalfirði. Maðurinn hafði hnigið niður við Glymsgil vestanmegin við Botnsá og var með skerta meðvitund. Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu sendi búnað, mannskap og sérútbúin farartæki og kallaði auk þess út félagi á Björgunarsveitarmanna þátt í aðgerðinni. Að sögn þeirra tók björgunin alls um eina og hálf klukkustund. Maðurinn var fluttur á Sjúkrahúsið á Akranesi til aðhlyningar og rannsóknna. Að sögn vakthafandi lækni þar er líðan hans góð eftir atvikum.

—mm

Útibú frá PwC opnað í Grundarfirði



Helga Hjálmrós Bjarnadóttir.

Útibú PwC á Vesturlandi var opnað í Grundarfirði um miðjan maí síðastliðinn. Fyrir rekur PwC skrifstofur í Reykjavík, Selfossi,

Hvolsvelli, Akureyri og Húsavík og hjá fyrirtækinu á Íslandi starfa nú um 100 manns. Helga Hjálmrós Bjarnadóttir er í forsvari fyrir starfsemi PwC á Vesturlandi. Hún er fædd og uppalin í Grundarfirði og hefur unnið á skrifstofu félagsins í Reykjavík í sex ár. Hún hefur nú flutt aftur heim með sambylismanni sínum og tveimur dætrum. Helga er löggiltur endurskoðandi og lauk því ferli í janúar síðastliðnum. „Upphaflega kom hugmyndin frá mér. Mig langaði til þess að flytja heim í Grundarfjörð þar sem stór hluti fjölskyldunnar býr og að veita börnunum mínum þau forréttindi að fá að alast upp úti á landi. Forsvarsmenn fyrirtækisins tóku strax jákvætt í hugmyndina og sáu mikil tækifæri í því að opna skrifstofu á þessu svæði. Ég er afar stolt af því að vera flutt

heim aftur og að geta nýtt menntun mína, þekkingu og reynslu til þess að koma með störf í mína heimabyggð,“ segir Helga.

PwC býður upp á margskonar þjónustu og hlakkar Helgu til að takast á við verkefni hér á Vesturlandi. „Við bjóðum upp á þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningsskila, fyrirtækjaráðgjafar og skatta- og lögfræðiráðgjafar. Í sérstökum verkefnum, ef þess þarf, hef ég aðgengi að sérfræðingum PwC bæði hér heima og erlendis. Fyrst um sinn mun ég halda áfram að sinna mínum verkefnum í fjarvinnu en vonandi með tíð og tíma munu þau verkefni skiptast út fyrir verkefni af svæðinu. Mér og fjölskyldu minni líður vel í Grundarfirði og ég hlakka til að takast á við spennandi tíma framundan,“ segir Helga að lokum. sko

Bílar og Dekk þjónustuaðili fyrir Chevrolet á Akranesi

Bílar og Dekk á Akranesi eru komnir í hóp viðurkenndra þjónustuaðila Chevrolet á landsbyggðinni. Starfsmenn frá Bílabúð Benna og fyrirtækinu handsöluðu nýverið samning þar að lútandi. „Þetta kemur á besta tíma, við erum nýlega komnir með fullkomna bilanagreiningu og höfum því tók á að veita Chevrolet eigendum á svæðinu og ferðamönnum ennþá betri þjónustu í framtíðinni,“ segja þeir Oskar Rafn Þorsteinsson og Ólafur Eyberg Rósantsson eigendur Bíla og Dekk.

„Við höfum átt mjög gott samstarf við Bíla og Dekk undanfarin ár og fögnum þessum nýja áfanga,“ segir Jóhannes Egilsson, þjónustustjóri hjá Bílabúð Benna. „Þetta er liður í að þetta þjónustunetið okkar fyrir Chevrolet eigendur, en þeim hefur fjölgað hratt undanfarin ár.“



Bílar og Dekk eru einnig umboðsaðilar fyrir dekk frá Bílabúð Benna, s.s. Toyo, PFGoodrich, Interstate og Maxxis. —fréttatilkynning

Gáfu mynd til minningar um forfeður sína

Pakkhúsinu í Ólafsvík barst á dögunum góð gjöf sem Gunnsteinn Sigurðsson tók við fyrir hönd Pakkhússnefndar. Myndin er af Ólafsvík og Enninu og er máluð árið 1923 af Þorsteini Hannessyni. Myndin er gjöf til Minjasafns Ólafsvíkur til minningar um hjónin Sigurlín Þórðardóttir f. 06.08.1861 á Garðsenda í Eyrarsveit, húsmóður í Mávahlíð d. 26.10.1928 á Akranesi og Kristján Þorsteinsson f. 07.08.1856 í Skriðukoti, bónda Norður Bár, Mávahlíð, síðar Hjallabúð á Brimilsvöllum og Akranesi d. 06.12.1924 á Akranesi. Voru á milli 70 og 80 manns samankomnir á ættarmóti í Ólafsvík og stundin tilfinningarík þegar myndin var afhent enda skipaði hún stóran sess í lífi þeirra, hékk á vegg þar sem hún sást um leið og fólk gekk inn á heimili þeirra hjóna. Voru taugar þeirra sterkar til áttaganna og eitt af því sem gert var á hverjum morgni var að líta út um gluggann



og kíkja á Snæfellsjökul sem sást út um stofugluggann á góðum degi.

Þórdís Björgvinsdóttir þakkaði fyrir þessa höfðinglegu gjöf um leið og hún tilkynnti að myndinni yrði fundinn verðugur staður. Eftir af-

hendingu myndarinnar var haldið til Áttagastofu þar sem boðið var upp á kaffi og konfekt áður en hópurrinn hélt af stað í göngu um Brimilsvelli undir leiðsögn Sæmundar Kristjánssonar. þa

Verðmæti botnfisks minnkaði

LANDIÐ: Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 44,5 milljarðum króna á fyrstu þremur mánuðum þessa árs. Á sama tímabili 2012 var verðmætið 46,7 milljarðar króna og hefur það dregist saman um 2,2 milljarða eða 4,7% á milli ára. Frá þessu er sagt á vef Hagstofu Íslands. Aflaverðmæti botnfisks fyrstu þrjá mánuði ársins var rúmlega 25,5 milljarðar og dróst saman um 9,7% á milli ára. Verðmæti þorskafla var 14,2 milljarðar og dróst saman um 10%, verðmæti ýsu var 3,7 milljarðar sem er samdráttur um 14,7% og verðmæti karfa var tæpir 4 milljarðar sem er samdráttur um 13,4%. Verðmæti ufsaafra jókst aftur á móti um 3,2% og var rúmlega 1,7 milljarðar króna í janúar til mars 2013. Verðmæti uppsjávarafla nam rúmum 16,3 milljarðum króna á tímabilinu sem er aukning um 10,5% og skýrist sú aukning að mestu á auknum loðnafla. Verðmæti hans var 15,5 milljarðar króna sem er 18,4% aukning. —sko

Aflatölur fyrir Vesturland

9. – 15. feb.
Tölur (í kílóum)
frá Fiskistofu:

Akranes 17 bátar.
Heildarlöndun: 28.359 kg.
Mestur afli: Ebbi AK: 9.335 kg í þremur löndunum.
Strandveiði: Skírnir AK: 1.356 kg tveimur löndunum.

Arnarstapi 9 bátar.
Heildarlöndun: 11.606 kg.
Mestur afli: Sælaug MB: 2.235 kg í þremur löndunum.
Strandveiði: Enginn á strandveiðum.

Grundarfjörður 39 bátar.
Heildarlöndun: 121.382 kg.
Mestur afli: Farsæll SH: 19.100 kg í einni löndun.
Strandveiði: Sif SH: 906 kg í einni löndun.

Ólafsvík 34 bátar.
Heildarlöndun: 72.596 kg.
Mestur afli: Ólafur Bjarnason SH: 13.554 kg í þremur löndunum.
Strandveiði: Jón í Ártúni SH: 978 kg í einni löndun.

Rif 25 bátar.
Heildarlöndun: 211.414 kg.
Mestur afli: Tjaldur SH: 87.319 kg í einni löndun.
Strandveiði: Jói á Nesi SH: 755 kg í einni löndun.

Stykkishólmur 41 bátar.
Heildarlöndun: 64.368 kg.
Mestur afli: Fjóra SH: 5.496 kg í einni löndun.
Strandveiði: Fákur SH: 748 kg í einni löndun.

Topp fimm landanir á tímabilinu:

1. Tjaldur SH – RIF: 87.319 kg. 18. júní.
2. Rífsnesi SH – RIF: 78.365 kg. 18. júní.
3. Örvar SH – RIF: 44.231 kg. 18. júní.
4. Farsæll SH – GRU: 19.100 kg. 16. júní.
5. Sóley SH – GRU: 18.806 kg. 18. júní.

sko